

260. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR 2017 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
 - a. Fundargerð fjármálahóps 13.02.2017.
 - b. Rannsóknarverkefni – siðbótin, erindi hugvísindasviðs Háskóla Íslands.
 - c. Samninganefnd Kirkjuþings vegna fjárhagslegra samskipta við ríkisvaldið.
 - d. Ferðakostnaður starfsmanns nefndar um 5 alda minningu siðbótarinnar.
3. Fasteignir
 - aa. Fundargerð kirkjustarfshóps.
 - a. Vatnaskógur, eignarhald. Erindi sóknarprestans í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.
 - b. Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Beiðni um mælingu á mögulegri myglugró og sveppamyndun.
 - c. Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Hitaveitumál, tjón, matsmál. Stöðuskýrsla
 - d. Breiðdalshreppur, skipulagslýsing.
 - e. Fljótsdalshreppur, deiliskipulag og lóðarréttindi.
 - f. Staðastaður – Hagahólmi Krafa um bæt看ur og svar lögmanns.
 - g. Staðastaður – Viðbrögð við sáttatilboði Kirkjumálasjóðs.
 - h. Hof í Vopnafirði – ósk um að fá jörðina leigða til ábúðar.
 - i. Prestsetrið í Bolungarvík. Úttekt VERKÍS.
 - j. Skálholt, Spóastaðir, Hrosshagi. Staðfesting landamerkjia.
 - k. Skálholt, áætlun um uppbyggingu staðarins.
 - l. Traðir á Snæfellsnesi, deiliskipulag og framkvæmdir.
 - m. Breiðabólsstaður–Lambey, staðfesting landamerkjia.
4. Skeggjastaðasókn í Langanesprestakalli, flutningur milli prestakalla. Ályktanir.
5. Skálholt, vígslubiskupskjör. Erindi Kjörstjórnar kirkjunnar.
6. Skálholt, málefni bókasafns, erindi stjórnar til kirkjuráðs.
7. Skálholt, fundargerðir stjórnar 25-28. fundur.
8. Tilnefning varamanns í kirkjutónlistarráð.
9. Starfsmannamál vígslubiskupsembættisins á Hólum.
10. Laugavegur 31, kynning á tilboðum í fasteignina og ákvörðun um næstu skref.
Stjórnendur biskupsstofu sitja fundinn undir þessum lið.
11. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Gunnarsson og séra Elínborg Gísladóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

a) *Fundargerð fjármálahóps 13.02.2017.*

Tekinn fyrir 3. liður. Afgreiðsla fjármálahóps samþykkt.

b) *Rannsóknarverkefni – siðbótin, erindi hugvísindasviðs Háskóla Íslands.*

Erindið lagt fram. Það varðar fjárstuðning við þverfaglegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á samfélag og menningu á Íslandi í sögu og framtíð. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við umsækjanda.

c) *Samninganefnd Kirkjubings vegna fjárhagslegra samskipta við ríkisvaldið.*

Lögð fram vinnuskýrsla samninganefndarmanns ásamt reikningi fyrir vinnu og ferðakostnaði. Framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við nefndarmanninn og formann nefndarinnar um málið.

d) *Ferðakostnaður starfsmanns nefndar um 5 alda minningu siðbótarinnar.*

Lagt fram erindi nefndarinnar þar sem farið er fram á fjárveitingu að fjárhæð kr. 144.133 til uppgjors á ferðakostnaði síðasta árs og kr. 300.000 vegna áætlunar um ferðakostnað yfirstandandi árs. Samþykkt.

3. FASTEIGNIR

aa. *Fundargerð kirkjustarfshóps.*

Fundargerðin lögð fram, kynnt og afgreidd.

a. *Vatnaskógur, eignarhald. Erindi sóknarprestisins í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að fela kirkjustarfshópi að taka málið til athugunar.

b. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Beiðni um mælingu á mögulegri myglugró og sveppamyndun.*

Erindið lagt fram. Fram kom að fasteignasvið hefði í undirbúningi að láta fara fram umbeðna mælingu.

c. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Hitaveitumál, tjón, matsmál. Stöðuskýrsla*

Lagt fram bréf LOGOS lögmannsþjónustu til matsmanns vegna mats á tjóni á prestssetrinu Saurbæ á Hvalfjarðarströnd vegna bilunar í heitavatnslögn. Bréfið gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs en er lagt fram til kynningar.

- d. *Breiðdalshreppur, skipulagslýsing.*
Lögð fram skipulagslýsing vegna aðalskipulags Breiðdalshrepps 2016-2036. Lýsingin er send til umsagnar.
- e. *Fljótsdalshreppur, deiliskipulag og lóðarréttindi.*
Lagt fram erindi Kristins Bjarnasonar hrl. f.h. Fljótsdalshrepps ásamt fylgigögnum. Kirkjustarfshópi falið að taka málið til athugunar.
- f. *Staðastaður – Hagahólmi Krafa um bætur og svar lögmanns.*
Lagt fram erindi lögmannsstofunnar KRST lögmennt ásamt svarbréfi L.I.T. lögfræðistofu Inga Tryggvasonar f.h. Kirkjumálasjóðs.
- g. *Staðastaður – Viðbrögð við sáttatilboði Kirkjumálasjóðs.*
Lagt fram erindi lögmannsstofunnar LANDSLÖG f.h. sóknarprests. Fram kom að framkvæmdastjóri hefði svarað erindinu og hvatt til sáttu en svar við því hefði ekki borist. Í ljósi þess að sóknarpresturinn hefur ekki lengur búsetuskyldur á Staðastað telur kirkjuráð eðlilegt að hann skili jörðinni til Kirkjumálasjóðs eigi síðar en á fardögum 2017.
- h. *Hof í Vopnafirði – ósk um að fá jörðina leigða til ábúðar.*
Lagt fram erindi Þorsteins Sigurðssonar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu og gera fyrirspyrjanda grein fyrir ferli málsins.
- i. *Prestsetrið í Bolungarvík. Úttekt VERKÍS.*
Lagt fram úttektarskjal VERKÍS. Framkvæmdastjóra og fasteignasviði falið að gera áætlun um endurbætur húseignarinnar.
- j. *Skálholt, Spóastaðir, Hrosshagi. Staðfesting landamerkjja.*
Lagt fram landamerkjaskjal, unnið af Sigurgeir Skúlasyni landfræðingi þar sem landamerki jarðarinnar Skálholts við jarðirnar Spóastaði og Hrosshaga eru skilgreind. Kirkjuráð undirritar skjalið til samþykkis fyrir sitt leyti.
- k. *Skálholt, áætlun um uppbyggingu staðarins.*
Frestað og tekið fyrir undir lið síðar á fundinum.
- l. *Taðir á Snæfellsnesi, deiliskipulag og framkvæmdir.*
Erindi Snæfellsbæjar lagt fram en það varðar deiliskipulag og framkvæmdir vegna Taða í Staðarsveit. Framkvæmdastjóra falið að bregðast við erindinu í samráði við lögfræðisvið biskupsstofu.
- m. *Breiðabólstaður–Lambey, staðfesting landamerkjja.*
Lagt fram landamerkjaskjal, unnið af Sigurgeir Skúlasyni landfræðingi þar sem landamerki jarðanna Lambeyjar og Breiðabólstaðar eru skilgreind. Kirkjuráð undirritar skjalið til samþykkis fyrir sitt leyti.

4. SKEGGJASTAÐASÓKN Í LANGANESPRESTAKALLI, FLUTNINGUR MILLI PRESTAKALLA. ÁLYKTANIR

Lögð fram gögn vegna málsins. Gögnin gefa ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.

**5. SKÁLHOLT, VÍGSLUBISKUPSKJÖR.
ERINDI KJÖRSTJÓRNAR KIRKJUNNAR**

Erindið lagt fram. Kirkjuráð mun eigi síðar en að loknu framhaldskirkjuþingi hinn 25. febrúar n.k. taka ákvarðanir þær sem þar um ræðir.

**6. SKÁLHOLT, MÁLEFNI BÓKASAFNS, ERINDI STJÓRNAR TIL
KIRKJURÁÐS**

Erindið lagt fram. Kirkjuráð styður heilshugar við að bókasafnið verði fært úr turni Skálholtsdómkirkju þannig að því verði komið í örugga geymslu. Framkvæmdastjóra falið að annast um framkvæmd málsins.

7. SKÁLHOLT, FUNDARGERÐIR STJÓRNAR 25. TIL 28. FUNDAR

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Tekinn fyrir liður 3. k. Skálholt, áætlun um uppbyggingu staðarins. Stefán Magnússon kirkjuráðsmaður kynnti hugmyndir sínar. Ákveðið var að óska eftir kynningu frá ráðgjafarfyrirtækinu ALTA.

8. TILNEFNING VARAMANNS Í KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ

Biskup lagði fram tilnefningu. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson er tilnefndur varamaður í Kirkjutónlistarráð.

9. STARFSMANNAMÁL VÍGSLUBISKUPSEMBÆTTISINS Á HÓLUM

Lagt fram erindi vígslubiskups. Málið fer til áframhaldandi vinnslu.

**10. LAUGAVEGUR 31, KYNNING Á TILBOÐUM Í
FASTEIGNINA OG ÁKVÖRÐUN UM NÆSTU SKREF**

Lagt fram verðmat á fasteigninni Laugavegur 31 samið af framkvæmdastjóra að fengnu áliti sérfræðinga. Framkvæmdastjóra falið að svara þeim tilboðum sem bárust.

11. ÖNNUR MÁL

a. *Erindi sóknarnefndar Hofskirkju í Vopnafirði varðandi skilgreiningu lóðar undir safnaðarhús.*

Erindið lagt fram og samþykkt.

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:37

Næsti reglulegi fundur er áætlaður 14. mars 2017

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Gísli Gunnarsson.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.